

Húsakönnun Skólasvæðið á Húsavík

Arnhildur Pálmadóttir



Húsavík 2023



Mynd 1: Tekin um 1910. Gamli Skólinn fyrir miðri mynd og Borgarhóll hægra megin við hann
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Unnið að beiðni Skipulags- og byggingarnefndar Norðurljósa 2022-23.

Forsíðumynd tekin úr kortasjá Norðurljósa.

Kort og teikningar: Arnildur Pálmadóttir - Kort eru byggð á kortagrunni Norðurljósa.

Gamlar ljósmyndir eru í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga og Cornell University Library

Ábyrgðarmaður: Arnildur Pálmadóttir arkitekt FAÍ

© Norðurljósa

EFNISYFIRLIT

1. UM SVÆÐIÐ	4
2. SÖGULEG SAMANTEKT	5
3. BYGGINGAR Á SVÆÐINU	8
<i>Borgarhóll - Skólastígur 3</i>	8
<i>Garðarshólmi - Stórigarður 4</i>	9
<i>Gamli Skóli - Stórigarður 6</i>	10
<i>Tún - Miðgarður 4</i>	12
<i>Barnaskólinn (Borgarhólsskóli) Skólagarður 1 - byggt 1960 og 1990</i>	13
<i>Framhaldsskólinn (áður Gagnfræðaskólinn) - Stórigarður 10</i>	15
<i>Ípróttahöllin - Stórigarður 8</i>	16
4. VARÐVEISLUMAT HÚSA	17
5. HÚSVERNDARKORT	18
6. YFIRLITSKORT VARÐVEISLUMAT	19
7. SKÝRSLUR - HÚSASKRÁNING	20
8. HEIMILDASKRÁ	27

1. UM SVÆÐIÐ



- A: Tún (Miðgarður 4)
- B: Garðarshólmi (Stórigarður 4)
- C: Gamli Skólinn (Stórigarður 6)
- D: Íþróttahöllin (Stórigarður 8)
- E: Framhaldsskólinn (Stórigarður 10)
- F: Borgarhólsskóli (Skólagarður)
- G: Borgarhóll (Skólastigur 3)

Kort 1: Svæðið og staðsetning húsa innan þess

Hér er gerð húsakönnun fyrir svæði staðsett í austanverðum miðbæ Húsavíkur við rætur Húsavíkurfjalls.

Svæðið afmarkast af götunum Stórigarður til norðurs, Miðgarður til vesturs, Skólagarður til suðurs og Grundargarður til austurs. Stærð svæðisins er um 5 ha. Á svæðinu eru 7 mannvirki, þar af eru 3 íbúðarhús og 4 hús sem eru í opinberri eigu, 3 af þeim eru notuð undir skóla og íþróttastarfssemi.

Svæðið er ríkt af sögu tengt skólahaldi bæjarins og íþróttastarfi. Fyrir utan leikskóla hefur skólastarfsemi bæjarins alfarið farið fram á svæðinu frá árinu 1908. Í dag er húsnæði barnaskólans, Framhaldsskólans á Húsavík, og Íþróttahöllin öll á þessu svæði sem fjallað er um auk þess sem tónlistarskólinn er til húsa í barnaskólanum. Svæðið er staðsett í miðju bæjarins, nálægt allri helstu þjónustu.

Á miðju svæðinu, vestanmegin, eru bílastæði fyrir starfseminu í kring og útileiksvæði barnaskólans með sparkvöllum og öðrum leiktækjum. Austan og sunnanmegin við skólann er grænt svæði sem tilheyrir skólanum og nýtist sem útivistarsvæði fyrir nemendur hans.



Mynd 2: Gamli Borgarhólsbærinn, torfbær sem stóð á lóðinni sem núna er Borgarhólsskóli. Tekin um 1900
Mynd: Cornell University Library

2. SÖGULEG SAMANTEKT

Talið er að landnámsmenn hafi haft vetursetu á Húsavík og herma heimildir að Garðar Svavarsson, frá Svíþjóð, hafi líklegast byggt þar fyrsta hús Íslands. Hann á að hafa haft vetursetu einn vetur en farið aftur um vorið.¹ Einn af þeim stöðum sem nefndir hafa verið sem möguleg staðsetning fyrir hús Garðars er Borgarhóll, en á þeim stað stendur núna barnaskóli Húsavíkur, Borgarhólsskóli.² Þar stóð áður torfbær, „gamli“ Borgarhólsbærinn, en hann var rifin árið 1901.³

¹ Karl Kristjánsson, *Saga Húsavíkur*, I.bindi, (Húsavík: Húsavíkurkaupstaður, 1981), bls. 8

² Guðmundur Hannesson, „Skipulagsferðir 1930“, Morgunblaðið, 25. Ágúst 1933, bls 2, Sótt 18.11.2022
<https://timarit.is/page/1224805#page/n1/mode/2up>

³ Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, *Saga Húsavíkur*, II.bindi, (Húsavík: Húsavíkurkaupstaður, 1998), bls 207

Húsavík var snemma kirkju og verslunarstaður, en þorp myndaðist ekki fyrr en á 19.öld. Skólalald var í ýmsum myndum í gegnum tíðina. Ekki var skipulögð kennsla barna á fyrri öldum en samkvæmt munnlegum heimildum var kennt á ýmsum stöðum í bænum áður en byggt var sérstakt hús undir skólafseminni. Skólaskylda var ekki á Íslandi fyrr en með Húsagatilskipuninni árið 1746 en þá var eiginlegri menntunarskylda komið á á Íslandi. Var forráðamönnum skylt að kenna börnum lestur og kristindómsfræðslu og prestar sáu um að kanna að þessu væri framfylgt.⁴ Árið 1896 var í fyrsta skipti byggt hús sérstaklega fyrir starfsemi barnaskólans á Húsavík en það var að auki notað sem þinghús hreppsins.⁵

Í byrjun 20. aldar voru sett í lög ákvæði um skólaskyldu allra 10-14 ára barna, þessi fræðslulög voru samþykkt árið 1907.⁶ Á þessum sama tíma var ákveðið að byggja nýtt og stærra skólahús á Húsavík. Það hús var staðsett á sama stað og núverandi barnaskólabygging og upp frá því fór að byggjast upp skólafseminni á svæðinu.

Þetta fyrsta skólahús, sem nú er kallað Gamli Skóli, var orðið of lítið um miðja 20. öld og árið 1960 var byggt nýtt hús undir barnaskólann. Í því húsi var líka íþróttasalur sem var notaður sem slíkur þangað til að Íþróttahöllin var byggð árið 1981. Barnaskólabyggingin var stækkuð í tveimur áföngum og var þá meðal annars bókasafni bætt við og rými fyrir tónlistarskólann. Lauk vinnu við síðustu stóru viðbygginguna árið 1998 en þó hafa verið gerðar nokkrar minni viðbætur og breytingar síðustu ár.⁷

Árið 1969 var byggt sérstakt hús undir gagnfræðaskólann á sama svæði, austan við barnaskólann. Framhaldsskólinn tók síðar við þeim framhaldsdeildum sem gagnfræðaskólinn hafði rekið í húsnaðinu árið 1987 og er þar enn með starfsemi.⁸ Svæðið allt og byggingar þess hafa verið stór hluti af daglegu lífi bæjarbúa í gegnum aldir og hefur það því mikið menningarsögulegt gildi.

4 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls 201

5 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, - bls 204

6 „Frumvarp til laga um námsgögn“, Alþingi, 21. Desember 2022, <https://www.althingi.is/altxt/pdf/133/s/0772.pdf>

7 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls. 245

8 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls. 315



Mynd 3: Gamli Skólinn á upprunalegri staðsetningu með nýja barnaskólann fyrir aftan. Gamla skólabyggingin var síðan flutt að Stóragarði 6
Mynd: Ljósmyndasafn Pingeyinga

3. BYGGINGAR Á SVÆÐINU

Borgarhóll - Skólastígur 3



Mynd 4: Borgarhóll árið 1975
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Íbúðarhúsið sem nú stendur á Borgarhóli, kallað Borgarhóll var byggt árið 1895, af læknum Jóni Sigurðssyni. Það hefur í gegnum árin verið kallað mörgum mismunandi nöfnum, til dæmis Læknishús vegna fyrsta eiganda þess, en samkvæmt munnlegum heimildum var einnig fyrsta lyfsala Húsavíkur í húsinu,⁹ síðar Grímshús og svo Písa í lok 19. aldar og ástæða þess er að reykháfur hússins virtist hallast nokkuð og er því nafnið tilvísun í hinn þekktu turn á Ítalíu. Frá 1905 hefur það heitið Borgarhóll, líklegast eftir eftir gömlum torfbæ sem stóð þar áður.¹⁰ En nöfn þeirra geta einnig vísað í staðsetningu húsanna á Borgarhóli.

⁹ Ingibjörg Magnúsdóttir, „Helst gera alla hamingjusama“, Dagur, 30. Maí 1986, 12-13, Sótt 17.11.2022
<https://timarit.is/page/2675790#page/n11/mode/2up>
¹⁰ Karl Kristjánsson, Saga Húsavíkur, I.bindi, bls. 142

Lítið er til um myndir og heimildir um upprunalegt útlit hússins en af ljósmyndum og upplýsingum frá fyrri eigenda kemur fram að það var upphaflega timburhús á einni hæð,¹¹ sem hefur síðan tekið miklum breytingum og í gegnum tíðina verið stækkað töluvert frá upprunalegri mynd sinni auk þess sem byggt hefur verið við það. Í dag er það tvær hæðir og klætt með steni klæðningu.

Garðarshólmi - Stórigarður 4



Mynd 5: Garðarshólmi um 1975, þá staðsett að Garðarsbraut 16
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Húsið Garðarshólmi, sem einnig er kallað Guðjónsenshús/Faktorshús, stendur nú við Stóragarð 4 við hlið Gamla Skóla. Húsið er elsta húsið á Húsavík og er timburhús sem upphaflega var byggt á svæðinu Búðarvellir, einnig kallað Öskjureitur, á vegum Ørum og Wullfs fyrir verslunarstjórnann árið 1880. Húsið var nýtt undir margskonar aðra starfsemi á

¹¹ JS, „Lóð númer eitt á Íslandi“, Dagur, 25. Mars 1998, 22, Sótt 17.11.2022 <https://timarit.is/page/2417513?iabr=on#page/n5/mode/2up>

20. öldinni, sem dæmi gisti- og veitingahús. Húsavíkurhreppur eignaðist húsið árið 1948 og hýsti það þá gagnfræðaskólann sem og tilfallandi verkefni bæjarstjórnar eins og fundi hennar.¹² Það var gert upp sem íbúð árið 1960 og var það svo flutt í heilu lagi á núverandi lóð árið 1979 við hlið Gamla Skóla sem hafði verið flutt þangað áður. Húsið er í dag íbúðarhús í einkaeigu.

Gamli Skóli - Stórigarður 6



Mynd 6: Gamli barnaskólinn. Tekin 17.júni 1911
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

Gamli Skóli var byggður árið 1908, einu ári eftir að byggingu Húsavíkurkirkju lauk en það ár höfðu ný fræðslulög verið sett á þar sem lögleidd var skólaskylda allra 10-14 ára barna og var bygging skólans viðbrögð við þeim. Húsið var byggt á Borgarhóli, þar sem núverandi barnaskóli er staðsettur. Páll Kristjánsson teiknaði og smíðaði húsið. Byggingin var fjármögguð með lánum og svo styrk frá ríkissjóði. Í heildina var kostnaður við

¹² Karl Kristjánsson, Saga Húsavíkur, I.bindi, bls. 138

bygginguna 10.080 krónur.¹³ Húsið var tveggja hæða timburhús með risi og kjallara. Skólastofurnar voru á tveimur efstu hæðunum og kjallarinn notaður sem fundarstaður og samkomusalur.¹⁴ Þó nokkrar breytingar voru gerðar á húsinu í gegnum árin, leysa þurfti vandamál með upphitun sem höfðu mikil áhrif á skólafarfseminu fyrstu árin. Til dæmis var slæmt innloft í kjallaranum þar sem anddyri hans var notað sem kolageymsla, en leikfímikennsla fór fram í kjallaranum. Aðrar breytingar voru að vatn var lagt inn í húsið og salerni sett upp. Einnig var kvisti bætt við húsið 1927 þegar þar var útbúin íbúð fyrir Benedikt Björnsson þáverandi skólastjóra.¹⁵

Húsið var nýtt undir allskyns starfsemi á vegum hreppsins. Í kringum aldamót 20. aldar var skólahúsið orðið alltof lítið og vinna hófst við að leggja drög að byggingu á nýjum barnaskóla. Þegar skólafarfsemin var flutt í nýju skólabygginguna árið 1960 var eldra húsið flutt í heilu lagi að Stóragarði 6, og fékk það síðar húsið Garðarshólma sem nágretta. Húsið er í dag í einkaeigu og notað sem íbúðarhús.

13 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls. 208

14 Fréttaritari, „Barnaskólahúsið 80 ára“, Morgunblaðið, 17.Nóvember 1988, 12, Sótt 17.11.2022 <https://timarit.is/page/1692854#page/n11/mode/2up>

15 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls. 220

Tún - Miðgarður 4



Mynd 7: Tún - Miðgarður 4. Tekin 1975
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

“Tún” var byggt árið 1957 sem skrifstofa og íbúðarhús fyrir Sýslumann Þingeyinga, Jóhann Skaptason en þar gerði hann ráð fyrir samliggjandi skrifstofum sýslumanns Þingeyinga og íbúðarhúsi. Húsið er steinsteypt hús, íbúðarhúsið er tvær hæðir með kjallara og skrifstofan ein hæð og kjallari.¹⁶ Jóhann var mikill áhugamaður um náttúrufræði og skógrækt.¹⁷ Á lóðinni við Tún plöntuðu þau hjónin fjölbreyttum gróðurtegundum og sinntu því á meðan þau bjuggu í húsinu.¹⁸ Garðurinn er ennþá gróðursæll en honum hefur ekki verið sérstaklega haldið við.

Í samtali við Sigurjón Jóhannesson fyrrverandi skólastjóra Gagnfræðaskóla Húsavíkur fyrir nokkrum árum benti hann á ástæðuna fyrir því að húsið væri allt steinsteypt, þar með talið

¹⁶ Karl Kristjánsson, Saga Húsavíkur, I.bindi, bls. 167

¹⁷ „Minning: Jóhann Skaptason fv. Sýslumaður”, Morgunblaðið, 26.Október 1985, 44-45, Sótt 14.01.2022
<https://timarit.is/page/1621358#page/n43/mode/2up>

¹⁸ Sigurður Gizurarson, „Jóhann Skaptason”, Tímarít Lögfræðinga, 4.tölublað, 01.Desember 1985, 213, Sótt 14.01.2022
<https://timarit.is/page/4899580#page/n6/mode/2up>

innveggir þess. Ástæðan er sú að Jóhann og eiginkona hans, Sigríður Víðis Jónsdóttir lentu í því að hús sem þau bjuggu í á Patreksfirði brann og slasaðist Sigríður við að flýja af 2. hæð hússins. Hafði það þau áhrif að þegar reisa átti Tún var húsið allt byggt úr steinsteypu til að auka brunapol þess.¹⁹ Framhaldsskólinn eignaðist húsið árið 1990 og notaði hann undir starfsemi sína en þar voru kennslustofur og seinna heimavist fyrir 12 nemendur.²⁰

Síðustu ár hefur ýmiskonar starfsemi verið í húsinu, til dæmis gistihús og aðstaða fyrir listamenn og hönnuði. Húsið er nú í eigu Norðurþings sem hefur rekið þar frístundaheimili og félagsmiðstöð. Í dag er það nýtt að hluta sem íbúðir fyrir háskólanema.

Barnaskólinn (Borgarhólsskóli) Skólagarður 1 - byggt 1960 og 1990



Mynd 8: Barnaskólinn á Húsavík
Mynd: Ljósmyndasafn Þingeyinga

¹⁹ Sigurjón Jóhannesson (munnleg heimild 2012)

²⁰ Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls314

Fyrsta skóflustungan að nýju húsi fyrir barnaskólann var tekin 1954. Bygging hússins dróst á langinn, það gekk erfiðlega að fá leyfi bæjarstjórnar fyrir framkvæmdinni þrátt fyrir áhyggjur þeirra sem stóðu að skólamálu í bænum. En áhyggjurnar snerumst um plássleysið í gamla barnaskólahúsinu. Aðrar ástæður sem höfðu áhrif voru efnahagsástandið og að erfiðlega gekk að fá byggingarefni í verkið.²¹ Hákon Sigtryggson teiknaði húsið auk þess að vera eftirlitsmaður fyrir hönd framkvæmdanefndarinnar. Sigvaldi Thordarson arkitekt og Ósvaldur Knudsen málameistari veittu ráðgjöf um innréttingar og litaval. Aðrir sem komu að byggingu hússins voru Þórhallur B. Snædal sem var yfirsmiður, Friðgeir Axfjörð sem sá um múrverk, Arnviður Ævarr Björnsson sá um pípulagnir, Arnljótur Sigurjónsson um raflagnir og Haraldur Björnsson um málningarvinnu. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddson sá um teikningar járna,- og pípulagna en Ólafur Gíslason teiknaði raflagnir og Trésmiðjan Borg hf. sá um smíði innréttinga.²²

Skólinn var tekin í notkun að hluta til árið 1958, og var upphaflega áætlað að verkið myndi klárast það ár, en hann var að lokum formlega vígður árið 1960. Í byggingunni voru tíu skólastofur, sex fyrir barnaskólann og fjórar fyrir gagnfræðiskólann auk þess sem þar var glæsilegur leikfimisalur sem notaður var fyrir íþróttakennslu og æfingar íþróttafélagsins Völsungs.²³

Árið 1990 var byrjað á viðbyggingu við skólann. Verkið var unnið í tveim áföngum. Sigríður Sigþórsdóttir var ráðin arkitekt verksins. Fyrri hluti verksins, tengibygging, bókasafn og anddyri, kláraðist síðsumar árið 1992. Byrjað var á seinni hluta viðbyggingar árið 1994. Í þeim áfanga voru byggðar kennslustofur og verknámsstofur, einnig var gert ráð fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur í þeirri álmu. Árið 1998 var verkið fullklárað og við vígslu skólans var einnig tilkynnt um úrslit í samkeppni um nafn á hinum nýja skóla. Hann fékk nafnið Borgarhólsskóli sem er vísun í staðsetningu skólans, á Borgarhóli.²⁴

21 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls.234

22 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls 233-235

23 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls. 236

24 Fréttaritari „Fjölmenni heimsótti Borgarhólsskóla“, Dagur, 22.September 1992, 2, Sótt 18.11.2022 <https://timarit.is/page/2700448#page/n1/mode/2up>

Framhaldsskólinn (áður Gagnfræðaskólinn) - Stórigarður 10



Mynd 9: Framhaldsskólinn á Húsavík - byggt sem Gagnfræðiskólinn. Tekin 1989.
Mynd: Ljósmyndasafn Pingeyinga

Byggingin sem í dag hýsir Framhaldsskólann á Húsavík var upprunalega byggð sérstaklega undir starfsemi Gagnfræðaskólans á Húsavík. Tekin var ákvörðun um að byggja hús fyrir Gagnfræðaskólann þegar barnaskólabyggingin var orðin of lítil fyrir bæði námsstigin en einnig höfðu verið starfræktar framhaldsdeildir í Gagnfræðaskólanum. Verkefninu var skipt í tvo áfanga, byrjað var á fyrri hlutanum árið 1969 og hófst kennsla í honum árið 1972.²⁵ Bygging seinni áfanga, ein hæð og kjallari, hófst árið 1975 og var sú álma tekin í notkun 1977. Kjallarinn var meðal annars notaður fyrir kennslu í sjóvinnu og leirbrennslu en einnig var þar aðstaða til líkamsræktar sem notuð var af íþróttafélaginu Völsungi auk almennings. Ekki hafa verið gerðar neinar viðbyggingar eða meiriháttar breytingar á húsnæðinu síðan það var fullklárað.²⁶

²⁵ Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, II.bindi, bls.294

²⁶ „Stórigarður 10, 640 Húsavík”, Kortasjá Norðurbings, 16.Janúar 2023.

Íþróttahöllin - Stórigarður 8



Mynd 10: Íþróttahöllin á Húsavík. Tekin 2000.
Mynd: Ljósmyndasafn Pingeyinga

Hafist var handa við byggingu íþróttahúss á Húsavík árið 1981. Húsið er steinsteypt með bogapaki úr límtrésbitum. Húsið var hannað af Jósefi S. Reynis, arkitekt. Hann teiknaði einnig Gagnfræðaskólann, sem nú er Framhaldsskólinn. Áður en höllin var byggð fór íþróttakennsla skólanna og starfsemi íþróttafélagsins Völsungs fram í sal Barnaskólans.²⁷ Á árum áður voru margar innanhús íþróttagreinar sem liðu fyrir aðstöðuleysi á Húsavík, sem dæmi handknattleikur, blak og badminton. Íþróttahöllin breytti þessu og voru aðstæður nú þannig að hægt var að bjóða upp á velli sem stóðust alþjóðlegar keppnis kröfur.²⁸ Íþróttahöllin var byggð í áföngum, á nokkrum árum og var vígsluathöfn haldin þann 17.júní 1987.²⁹ Það þótti mikilvægt að klára byggingu hallarinnar fyrir Landsmót Ungmennafélags Íslands sem halda átti á Húsavík sumarið sama ár og náðist það með mikilli vinnu þeirra sem komu að verkinu.³⁰ Íþróttahöllin er í dag mikið notuð fyrir hverskonar íþróttaiðkun en einnig félagsstarf og ýmsa viðburði.

27 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, III.bindi, (Húsavík: Húsavíkurborg, 1999), bls 145

28 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, III.bindi, 3.kafli


29 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, III.bindi, bls 155

30 Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson, Saga Húsavíkur, III.bindi, bls 154

4. VARÐVEISLUMAT HÚSA

Þrjú hús á svæðinu eru eldri en 100 ára og því aldursfriðuð í samræmi við lög um menningarminjar. Framhaldsskólinn (Stórigarður 10), Borgarhólsskóli (Skólagarður 1) og umhverfi þeirra hafa menningarsögulegt gildi en þó ekki þá sérstöðu sem krefst þess að þau séu vernduð. Tún hefur ákveðna sérstöðu, bæði menningarsögulega og umhverfislega. Húsið var hluti af merkilegri uppbyggingu á svæðinu á þeim tíma sem Húsavík var að byggjast upp sem miðstöð þjónustu og verslunar í kringum miðja síðustu öld auk þess sem það er hluti af menningar- og safnasögu Húsavíkur. En húsið byggði Jóhann Skaptason sem einnig var hvatamaður að byggingu Safnahús Húsavíkur sem stendur hinum megin við götuna. Húsið hefur umhverfislegt gildi þar sem það er reisulegt steinsteypuhús sem stendur á horni Miðgarðs og Stóragarðs umlukið stórum garði að sunnanverðu en garðurinn er sérstaklega gróðursæll og upphafleg gerð hans útfærð með fjölbreyttum gróðurtegundum eins og kemur fram í heimildum hér á undan.

5. HÚSVERNDARKORT



 Einstök hús, götmynd – rauður litur á korti

 Friðuð hús

Kort 2: Húsverndarkort

Einstök hús- götmynd:

A. Tún - Miðgarður 4


Friðuð hús:

B. Garðarshólmi - Stórigarður 4

C. Gamli Skólinn - Stórigarður 6

G. Borgarhóll - Skólastígur

6. YFIRLITSKORT VARÐVEISLUMAT



-  Hátt varðveislugildi
-  Miðlungs varðveislugildi
-  Lágt varðveislugildi

Kort 3: Varðveislumat húsa og mannvirkja

7. SKÝRSLUR - HÚSASKRÁNING

Byggingarár: 1895

Skólastígur 3

Borgarhóll

Fyrsti eigandi: Jón Sigurðsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



1908 vinstra megin - Héraðskjallasafn Þing



2023 - Gaukur Hjartarsson

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Timbur, bindingsverk
Útveggir: Timbur
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning:
Undirstaða:

Útlit: Einlyft; Inngönguskúr (bísílag); Ris

Núverandi

Timbur, bindingsverk
Steniklæðning
Mænisþak
Bárujárn

Tvilyft; Inngönguskúr (bísílag); Ris; Svalir; Viðbygging; Kjallari

Helstu breytingar:

Húsið hefur verið hækkað, lengt og múrað að utan
Steni klætt að utan

Ýmsar breytingar á gluggum

Ýmsar viðbyggingar við húsið

Hönnuðir breytinga

Saga:

Íbúðarhúsið sem nú stendur á Borgarhóli, kallað Borgarhóll var byggt árið 1895, af læknum Jóni Sigurðssyni, og er elsta húsið á svæðinu. Það hefur í gegnum árin verið kallað mörgum mismunandi nöfnum, til dæmis Læknishús út af fyrsta eiganda þess, en samkvæmt munnlegum heimildum var einnig fyrsta lyfsala Húsavíkur í húsinu, síðar Grímshús og svo Písa í lok 19. aldar. Frá 1905 hefur það heitið Borgarhóll, líklegast eftir eftir gömlum torfbæ sem stóð þar áður. En nafnið getur einnig vísað í staðsetningu húsins, sem er á Borgarhóli.

Lítið er til um myndir og heimildir um upprunalegt útlit hússins en af ljósmyndum og upplýsingum frá fyrri eigenda kemur fram að það var upphaflega timburhús á einni hæð, en hefur síðan tekið miklum breytingum í gegnum tíðina, verið stækkað töluvert frá upprunalegri mynd sinni og byggt við það. Í dag er það tvær hæðir og klætt með steni klæðningu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggjulist:	Lágt	Ekki eru til heimildir fyrir upprunalegu útliti hússins. En fyrsta mynd af húsinu er frá árinu 1908. Ekki hefur verið lögð áhersla á upprunaleika við breytingar og endurbætur á húsinu
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Staðsetning hússins, aldur þess og saga svæðisins hefur áhrif á menningarsögulegt gildi þess
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur hátt í götmyndinni umlukið gróðri og hefur mikið gildi fyrir aðkomu að skólasvæðinu, sérstaklega fyrir gangandi og hjólandi.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Ekki hefur verið lögð áhersla á upprunaleika við breytingar og endurbætur á húsinu
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu er haldið við

Varðveislugildi:

Hátt Húsið er friðlað vegna aldurs og hefur menningarsögulegt- og umhverfisgildi

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjóublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Húsavíkurbær
 Hönnuður: Hákon Sigtryggsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Þjónusta
 Núverandi notkun: Skóli



Ártal ekki vitað - Héraðsskjalasafn Þingeyinga



2023 - Gaukur Hjartarson

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp
 Útveggir:

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Bárújárn

Undirstaða: Steinsteyp

Útliit: Tvílyft; Kjallari

Núverandi

Steinsteyp

Mænisþak

Bárújárn

Steinsteyp

Tvílyft

Helstu breytingar:

1990 I. hluti viðbyggingar -
Tengbygging fyrir stjórnun,

1994 II. hluti viðbyggingar - almennar
kennslustofur og verknámsstofur

2012 Viðbygging við mótuneyti

Hönnuðir breytinga

Sigríður S. Sigbórsdóttir,
arkitekt

Sigríður S. Sigbórsdóttir,
arkitekt

Sigríður S. Sigbórsdóttir,
arkitekt

Saga:

Fyrsta skóflustungan að nýju húsi fyrir barnaskólann var tekin 1954. Bygging hússins dróst á langinn, það gekk erfiðlega að fá leyfi bæjarstjórnar fyrir framkvæmdinni, þrátt fyrir áhyggjur þeirra sem stóðu fyrir skólamálinum í bænnum af plássleysinu sem var í gamla barnaskólahúsinu. Aðar ástæður sem einnig spiluðu inni voru efnahagsástandið og, erfiðlega gekk að fá byggingarefni í verkið. Hákon Sigtryggsson teiknaði húsið auk þess að vera eftirlitsmaður fyrir hönd framkvæmdanefndarinnar. Sigvaldi Thordarson arkitekt og Ósvaldur Knudsen málarameistari veittu ráðgjöf um innréttingar og litaval. Aðrir sem komu að byggingu hússins voru Þórhallur B. Snædal var yfirsniður, Friðgeir Axfjörð sem sá um múrverk, Arnviður Ævarr Björnsson sá um pípulagnir, Arnlfjótur Sigurjónsson um raflagnir og Haraldur Björnsson um málningavinnu. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsón sá um teikningar járna - og pípulagna en Ólafur Gíslason teiknaði raflagnir og Trésniðjan Borg hf. sá um smíði innréttinga.

Skólinn var tekin í notkun að hluta til árið 1958, og var upphaflega áætlað að verkið myndi klárast það ár, en hann var að lokum formlega vígður árið 1960. Í byggingunni voru 10 skólastofur, sex fyrir barnaskólann og 4 fyrir gagnfræðiskólann. Einnig var þar leikfimisalur sem var notaður fyrir íþróttakennslu og æfingar.

Árið 1990 var byrjað á viðbyggingu við skólann. Verkið var unnið í tveim áföngum. Sigríður Sigbórsdóttir var ráðin arkitekt verksins. Fyrri hluti verksins, tengbygging, bókasafn og anddyri, kláraðist síðsumar árið 1992. Byrjað var á seinni hluta viðbyggingar árið 1994. Í þeim áfanga voru byggðar kennslustofur og verknámsstofur, einnig var gert ráð fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur í þeirri álmu. Árið 1998 var verkið fullklárað og við víslu skólans var einnig tilkynnt um úrslit í samkeppni um nafn á þessum nýja skóla. Hann fékk nafnið Borgarhólsskóli sem er vísun í staðsetningu skólans, á Borgarhóli.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggjlist: Miðlungs Hefðbundið steinsteypt hús, þó hefur elsti hlutinn hærra gildi en sá nýji vegna vandaðra útfærslna

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Hluti af skólasögu Húsavíkur

Umhverfisgildi: Miðlungs Húsið hefur sterka ásýnd vegna staðsetningarinnar á Borgarhóli

Upprunalegt gildi: Miðlungs Eldra húsið er að mestu óbreytt en byggt hefur verið við það nokkrum sinnum

Tæknilegt ástand: Hátt Húsið er í góðu ástandi og er eldra húsið að mestu leiti upprunalegt

Varðveislugildi: Miðlungs Hús sem er hluti af menningarsögu Húsavíkur og er í góðu ástandi

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ørum & Wulfs
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Þjónusta
 Núverandi notkun: Íbúð



1898-1912 - Héraðsskjalasafn Þingeyinga



2023 -Gaukur Hjartarson

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi**

Byggingarefni: Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk
Útveggir: Timbur	Bárujárn
Þakgerð: Mænispak	Mænispak
Þakklæðning:	Bárujárn
Undirstaða: Tilhöggvið grjót	Steinsteypt
Útlit: Tvílyft; Ris; Reykháfur; Kjallari; Skúr	Tvílyft; Ris; Kjallari; Skúr

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga**

Viðbygging	Þorvaldur Vestmann
1960 Húsinu breytt í íbúðarhús	Friðgeir Axfjörð
1979 Húsið flutt í heild sinni að Stóragarði 4	

Saga:

Húsið, einnig kallað Guðjónsenshús/Faktorshús, stendur nú við Stóragarð 4 við hlið Gamla Skóla. Húsið er elsta húsið á Húsavík og er timburhús sem byggt var á svæðinu Búðarvellir, einnig kallað Óskjureitir, á vegum Ørum og Wulfs, fyrir verslunarstjórnann árið 1880. Húsið var nýtt undir margskonar aðra starfsemi á 20. öldinni, sem dæmi gisti- og veitingahús. Húsavíkurbreppur eignast húsið árið 1948 og hýsti það þá Gagnfræðiskólann sem og tilfallandi verkefni bæjarstjórnar eins og fundi. Það var gert upp sem íbúð árið 1960 og var það svo flutt í heilu lagi á núverandi lóð árið 1979. Húsið er í dag íbúðarhús í einkaeigu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er gott dæmi um timburhús af eldri gerð byggt af Bald sem verslunar- og geymsluhúsnæði
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er hluti af ríkri verslunarsögu Húsavíkur og þeirri uppbyggingu sem átti sér stað á svæðinu á seinni hluta 19. aldar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið var flutt á þann stað sem það er núna og hefur það nokkuð mikið umhverfislegt gildi sérstaklega þar sem það stendur við hlið "Gamla Skóla við Stóragarð
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið breytt töluvert, settir í það nýjir gluggar og situr það nú á nýjum undirstöðum án kjallara. En gluggaop og klæðning útveggja og yfirbragð er upprunalegt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu hefur verið vel við haldið en er þó nokkuð breytt frá upphaflegu útliti

Varðveislugildi:

Hátt Húsið er aldursfríðað og elsta hús sem enn stendur á Húsavík. Húsinu er vel við haldið þó gerðar hafi verið einhverjar breytingar á því frá upprunalegri gerð en þær eru að mestu leiti afturkræfar.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Húsavíkurbær
 Hönnuður: Páll Kristjánsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Skóli
 Núverandi notkun: Íbúð



1908 - Héraðskjalasafn Þingeyinga



2023 - Gaukur Hjartarson

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Timbur, bindingsverk
 Útveggir: Timbur
 Þakgerð: Mænisþak
 Þakklæðning: Slétt járn
 Undirstaða: Tílhöggvið grjót
 Útlit: Tvílyft; Ris; Kjallari

Núverandi

Timbur, bindingsverk
 Bárújárn
 Mænisþak
 Bárújárn
 Steinsteipt
 Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Kjallari

Helstu breytingar:

1927 Salerni og vatn sett í húsið.
 Byggður kvistur í gegnum húsið
 2008 Byggt bíslag, húsið klætt með bárújárn og skipt um járn á þaki

Hönnuðir breytinga

Per Langsøe Christensen, arkitekt

Saga:

Gamli Skóli var byggður árið 1908, einu ári eftir að byggingu Húsavíkurkirkju lauk en það ár höfðu ný fræðslög verið sett á þar sem lögleidd var skólaskylda allra 10-14 ára barna og var bygging skólans viðbrögð við þeim. Húsið var byggt á Borgarhóli, þar sem núverandi barnaskóli er staðsettur. Páll Kristjánsson teiknaði og smíðaði húsið. Byggingin var fjármögnuð með lánum og svo styrk frá Ríkissjóði. Í heildina var kostnaður við bygginguna 10.080 krónur. Húsið var tveggja hæða timburhús með risi og kjallara. Þó nokkrar breytingar voru gerðar á húsinu í gegnum árin, leysa þurftu vandamál með upphitun sem höfðu mikil áhrif á skólastarfseminu fyrstu árin. Til dæmis var slæmt innloft í kjallaranum þar sem anddyri hans var notað sem kolageymsla, en leikfírníkennisla fór fram í kjallaranum. Aðrar breytingar voru að vatn var lagt inn í húsið og salerni sett upp. Einnig var kvisti bætt við húsið 1927 þegar íbúð var útbúin fyrir Benedikt Björnsson þáverandi skjólastjóra. Húsið var nýtt undir allskyns starfsemi á vegum hreppsins. Skólastofurnar voru á tveim efstu hæðunum og kjallarin notaður sem fundarstaður og samkomusalur. Í krúngum aldamót 20.aldar var skólahúsið orðið alltof lítið og byrjað var að undirbúa drög að nýjum barnaskóla. Þegar skólastarfsemin var flutt í nýju skólabygginguna árið 1960 var eldra húsið flutt í heilu lagi að Stóragarði 6, við hlíð Garðarshólma. Húsið er í dag í einkaeigu og notað sem íbúðarhús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er gott dæmi um timburhús af eldri gerð
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er hluti af skólasögu Húsavíkur og hefur þjónað ýmissi starfsemi í gegnum árin
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið var flutt á þann stað sem það er núna og hefur það nokkuð mikið umhverfislegt gildi sérstaklega þar sem það stendur við hlíð "Garðarshólma" við Stóragarð
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið breytt töluvert, settir í það nýjir gluggar, kvistur og klæðning. En gluggaop og yfirbragð er upprunalegt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu hefur verið vel við haldið en er þó nokkuð breytt frá upphaflegu útliti

Varðveislugildi:

Hátt Húsið er aldursfriað og elsta hús sem enn stendur á Húsavík. Húsinu er vel við haldið þó gerðar hafi verið einhverjar breytingar á því frá upprunalegri gerð en þær eru að mestu leiti afturkræfar.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jósef S. Reynis
Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Menningarstarfsemi; Þjónusta
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi; Þjónusta



1987 - Héraðsskjalasafn Þingeyinga



2023 - Gaukur Hjartarson

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga**

Byggingarefni: Steinsteyp	Steinsteyp
Útveggir:	Múrsléttað
Þakgerð: Bogapak	Bogapak
Þakklæðning: Slétt járn	Slétt járn
Undirstaða: Steinsteyp	Steinsteyp
Útlit: Útitróppur	Útitróppur

Saga:

Hafist var handa við byggingu Íþróttahúss á Húsavík árið 1981. Húsið er steyp með bogapakri úr límtrésbitum. Húsið var hannað af Jósefi S. Reynis, arkitekt. Hann teiknaði einnig Gagnfræðaskólann, sem nú er Framhaldsskólinn. Áður en höllin var byggð fór Íþróttakennsla skólanna og starfsemi Íþróttafélagsins Völsungs fram í sal Barnaskólans. Á árum áður voru margar innanhús íþróttageinar sem liðu fyrir aðstöðuleysi á Húsavík, sem dæmi handknattleikur, blak og badminton. Íþróttahöllin breytti þessu og voru aðstæður nú þannig að hægt var að bjóða upp á velli sem stóðust alþjóðlegar keppnis kröfur. Íþróttahöllin var byggð í áföngum, á nokkrum árum og var vígslu athöfn haldin þann 17.júní 1987. Það þótti mikilvægt að klára byggingu hallarinnar fyrir Landsmót ungmennafélags Íslands sem halda átti á Húsavík sumarið sama ár og náðist það með mikilli vinnu þeirra sem komu að verkinu. Íþróttahöllin er í dag mikið notuð fyrir hverskonar íþróttaiðkun en einnig félagsstarf og ýmsa viðburði.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggjlist:	Miðlungs	Húsið er falleg móðernísk steinsteypubygging
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af skóla- og íþróttasögu Húsavíkur
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er sérstaklega fallega staðsett í landslaginu við rætur Húsavíkurfjalls
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er vel við haldið

Varðveislugildi: Miðlungs Hús sem er hluti af menningarsögu Húsavíkur, er í góðu ástandi og fellur sérstaklega vel inn í umhverfið

Verndarflokkar:

Byggingarár: 1961

Stórigarður 10

Framhaldsskólinn á Húsavík

Fyrsti eigandi: Húsavíkurbær
Hönnuður: Jósef Reynis
Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Skóli
Núverandi notkun: Skóli



1989 - Héraðsskjalasafn Þingeyinga



2023 - Gaukur Hjartarson

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteipt
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning:
Undirstaða: Steinsteipt
Útlit: Einlyft; Tvílyft; Útitróppur;
Kjallari

Núverandi

Steinsteipt
Múrsléttað
Einlyft; Tvílyft; Útitróppur;
Kjallari; Lyfta

Helstu breytingar:

2.áfangi var byggður 1975
Ýmsar smávægilegar breytingar
innanhus auk lyftu frá 2000-2014

Hönnuðir breytinga

Jósef Reynis, arkitekt
AVH - Haukur
Haraldsson/Fanney

Saga:

Byggingin sem í dag hýsir Framhaldsskólann á Húsavík var upprunalega byggð sérstaklega undir starfsemi Gagnfræðaskólans á Húsavík. Tekin var ákvörðun um að byggja hús fyrir Gagnfræðaskólann þegar barnaskólabýggingin var orðin of lítil fyrir bæði námsstigin. En einnig höfðu verið starfræktar framhaldsdeildir í Gagnfræðaskólanum. Því verki var skipt í tvo áfanga, byrjað var á fyrri hlutanum árið 1969 og byrjaði kennsla árið 1972. Bygging á seinni áfanga, einni hæð og kjallari, hófst árið 1975 og var hann tekin í notkun 1977. Kjallari var meðal annars notaður fyrir kennslu í sjóvinnu og leirbrennslu en einnig var þar aðstaða til líkamsræktar sem notuð var af Íþróttafélaginu Völsungu auk almennings. Ekki hafa verið gerðar einar viðbyggingar eða meiriháttar breytingar á húsnæðinu síðan það var fullklárað.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggilist:	Miðlungs	Húsið er falleg móðernísk steinsteypubýgging
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hluti af skólasögu Húsavíkur
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur við Skólagarð á horni og hefur því sterka ásyn við rætur Húsavíkurfjalls
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur mjög lítið verið breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er mjög vel við haldið

Varðveislugildi: Miðlungs Hús sem er hluti af menningarsögu Húsavíkur og er í góðu ástandi

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jóhann Skaptason
 Hönnuður: Húsameistari Ríkisins
 Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Íbúð; Þjónusta
 Núverandi notkun: Þjónusta



1975 - Héraðsskjalasafn Þingeyinga



2023 - Gaukur Hjartarson

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteipt
 Útveggir: Múrsléttað
 Þakgerð: Mænisþak
 Þakklæðning: Bárújárn
 Undirstaða: Steinsteipt
 Útlit: Tvílyft; Útitróppur;
 Viðbygging; Kjallari

Núverandi

Steinsteipt
 Múrsléttað
 Mænisþak
 Bárújárn
 Steinsteipt
 Tvílyft; Útitróppur;
 Viðbygging; Kjallari

Helstu breytingar:

1977 Viðbygging - 15fm skrifstofa á norður vegg

Hönnuðir breytinga**Saga:**

“Tún” var byggt árið 1957 sem skrifstofa og íbúðarhús fyrir Sýslumann Þingeyinga, Jóhann Skaptason en þar gerði hann ráð fyrir samliggjandi skrifstofum sýslumanns Þingeyinga og íbúðarhúsi. Húsið er steinhús, íbúðarhúsið er 2. hæðir með kjallara og skrifstofan 1 hæð og kjallari. Jóhann var mikill áhugamaður um nátturufraði og skógrækt. Á lóðinni við Tún plöntuðu þau hjónin fjölbreyttum gróðurtegundum og og sinntu því á meðan þau bjuggu í húsinu. Garðurinn er ennþá gróðursæll en honum hefur ekki verið sérstaklega haldið við.

Í samtali við Sigurjón Jóhannesson fyrir nokkrum árum benti hann á að ástæðan fyrir því að húsið væri allt steinsteipt, einnig innveggir, væri að Jóhann og eiginkona hans, Sigríður Víðis Jónsdóttir hefðu lent í því að húsið sem þau bjuggu í á Patreksfirði hefði brunnið og slasaðist konan hans við að flýja af 2. hæð. Ákvað hann því að byggja Tún úr steinsteypu. Framhaldsskólinn eignaðist húsið árið 1990 og notaði hann undir starfsemi sína en þar voru kennslustofur og seinna heimavist fyrir 12 nemendur.

Seinni ár hefur ýmskonar starfsemi verið í húsinu, til dæmis gistihús og aðstaða fyrir listamenn og hönnuði. Húsið er í eigu Norðrþings sem hefur rekið þar frístundaheimili og félagsmiðstöð. Í dag er það nýtt að hluta sem íbúðir fyrir háskólanema

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggjlist:	Miðlungs	Húsið er hefðbundið steinsteipt hús
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið var skrifstofuhús fyrir sýslumanninn í Þingeyjarsýslum sem á sama tíma var hvatamaður að byggingu safnahúss Húsavíkur hinum megin við götuna. Húsið hefur hýst ýmskonar starfsemi
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur á horni Stóragarðs og Miðgarðs og hefur mikið vægi fyrir götummyndina ásamt garðinum sem tilheyrir húsinu
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið stendur á horni Stóragarðs og Miðgarðs og hefur mikið vægi fyrir götummyndina ásamt garðinum sem tilheyrir húsinu auk þess sem húsið tengist Safnahúsinu hinum megin við götuna.

Verndarflokkar: Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti

8. HEIMILDASKRÁ

Prentaðar heimildir:

Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson. *Saga Húsavíkur II. Bindi.* Akureyri: Útgefandi Húsavíkurkaupsstaður, 1998

Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson. *Saga Húsavíkur III. Bindi.* Akureyri: Útgefandi Húsavíkurkaupsstaður, 1999

Karl Kristjánsson. *Saga Húsavíkur I. Bindi.* Húsavík: Útgefandi Húsavíkurkaupsstaður, 1981

Vefheimildir:

„Fjölmenni heimsótti Borgarhólsskóla”. *Dagur.* 22. September 1992. Sótt 18.11.2022 <https://timarit.is/page/2700448#page/n1/mode/2up>

Fréttaritari. „Barnaskólahúsið 80 ára”. *Morgunblaðið.* 17. Nóvember 1988, 12. Sótt 17.11.2022 <https://timarit.is/page/1692854#page/n11/mode/2up>

„Frumvarp til laga um námsgögn”. *Alþingi,* 21. Desember 2022. <https://www.althingi.is/altext/pdf/133/s/0772.pdf>

Guðmundur Hannesson, „Skipulagsferðir 1930”, *Morgunblaðið,* 25. Ágúst 1933, bls 2, Sótt 18.11.2022 <https://timarit.is/page/1224805#page/n1/mode/2up>

Ingibjörg Magnúsdóttir. „Helst gera alla hamingjusama”. *Dagur.* 30. Maí 1986, 12-13. Sótt 17.11.2022 <https://timarit.is/page/2675790#page/n11/mode/2up>

JS. „Lóð númer eitt á Íslandi”. *Dagur.* 25. Mars 1998, 22. Sótt 17.11.2022 <https://timarit.is/page/2417513?iabr=on#page/n5/mode/2up>

„Minning: Jóhann Skaptason fv. Sýslumaður”. *Morgunblaðið.* 26. Október 1985, 44-45. Sótt 14.01.2022 <https://timarit.is/page/1621358#page/n43/mode/2up>

Sigurður Gizurarson. „Jóhann Skaptason”. *Tímarít Lögfræðinga.* 4. tölublað. 01. Desember 1985, 212-213. Sótt 14.01.2022 <https://timarit.is/page/4899580#page/n6/mode/2up>

Korta- og teikningsjá Norðurþings: <https://www.map.is/nordurthing/>

Fasteignaskrá á vef Þjóðskrár: <https://www.skra.is/leit-i-fasteignaskra/>

Ja.is kort og götumyndir: <https://ja.is/>

Vefur Minjastofnunar - Minjavefsja: <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

Munnlegar heimildir:

Sigurjón Jóhannesson, Húsavík 2012

Myndir:

Mynd 1 og 3 til 10 :Ljósmyndasafn Þingeyinga - Héraðsskjalasafn Þingeyinga

Mynd 2 : Cornell University Library. Sótt 18.Janúar 2023 <https://picryl.com/media/husavik-cottage>.

Kort 1, 2 og 3 : Arnildur Pálmadóttir